

Fimmdudaginn 24. september 1981.

Nr. 64/1979. Óli Anton Bieltvedt

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Uusi Kivipaino Oy

og gagnsök

(Guðmundur Ingi Sigurðsson hrl.).

Víxilábyrgð (aval). Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. mars 1979. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. apríl 1979. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 202.572.00 norskar krónur með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 8. október 1978 til greiðsludags og 40.00 norskar krónur í afsagnarkostnað. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf hins konunglega dóms- og lögregluráðuneytis í Noregi, dags. 6. júlí 1981. Er það svar við beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 13. maí 1981 um upplýsingar um það, hvernig norskir dómstólar hafi skýrt 4. mgr. 31. greinar hinnar norsku víxillaga nr. 2 frá 27. maí 1932 í dómsúrlausnum sínum, svo og um dráttarvexti af víxilskuldum í Noregi. Var beiðni þessari komið á framfæri samkvæmt ósk lögmannna málsaðilja að ábendingu Hæstaréttar. Segir svo í bréfi hins norska ráðuneytis í þýðingu löggilts skjalapýðanda.

„1. Eftir því sem við best vitum er engin norsk dómhefð, sem segir til um skilgreiningu á víxlalögum frá árinu

1932, 31. grein, 4. atriði. Við höfum farið yfir norskt dómasafn og þó nokkuð af rituðu máli, sem fjallar um slík efni, án þess að finna nokkra túlkun á 4. atriði 31. greinar að frátöldum þeim dómi, sem nefndur er í bréfum lögmannanna (BRD III nr. 676). Sá dómur var reyndar kveðinn upp árið 1905 og byggður á víxlalögum frá 1880, grein 87, og þar er engin regla um, fyrir hvern ábyrgð sé tekin.

2. Vanskilavextir víxilskulda samkvæmt víxlalögum, 48. grein, nr. 2, samanber 49. grein, nr. 2, eru sem stendur 6% á ári í Noregi. Dómsmálaráðuneytið mun þó innan tíðar taka fyrir spurninguna um hækkun vaxtanna.“

Að athuguðu því, sem nú hefur verið greint, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að dráttarvextir verða eigi dæmdir hærri en 6% á ári frá gjalddaga víxilsins 8. október 1978 til greiðsludags, sbr. 2. mgr. 81. gr. víxillaga nr. 93/1933 svo og 1. mgr. 32. gr. og 2. tl. 48. gr., sbr. 2. tl. 49. gr. hinna norsku víxillaga.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn samtals 35.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Óli Anton Bieltvedt, greiði gagnáfrýjanda, Uusi Kivipaino Oy, 202.572.00 norskar krónur með 6% ársvöxtum frá 8. október 1978 til greiðsludags, 40.00 norskar krónur í afsagnarkostnað og samtals 35.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, lýtur úrlausn máls þessa ákvæðum norskra laga. Um víxla og víxilskuldbind-

ingar giltu og gilda nú í Noregi lög nr. 2 frá 27. maí 1932. Um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, gildir 4. málsgrein 31. gr. hinna norsku víxillaga, svo sem rakið er í héraðsdómi. Ég tel, að skýlausum fyrirmælum þess laga-ákvæðis verði ekki vikið til hliðar í víxilmáli.

Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 35.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Óli Anton Bieltvedt, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Uusi Kivipaino Oy, í málinu.

Gagnáfrýjandi, Uusi Kivipaino Oy, greiði aðaláfrýjanda, Óla Anton Bieltvedt, samtals 35.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 26. febrúar sl., hefur Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Laufásvegi 12, Reykjavík, f. h. Uusi Kivipaino Oy, Pispalanvaltatie 145, 33270, Tampere, Finnlandi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fimmtudaginn 25. janúar 1979, gegn Óla Anton Bieltvedt, Fellsmúla 9, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð norskar kr. 202.572.00 með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 8. október 1978 til greiðsludags, norskar kr. 40.00 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu, þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar í máli þessu, en eigi bar sú viðleitni árangur.

II.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt víxli, útgefnum 10. apríl 1978 af Uusi Kivipaino Oy, framseldum af sama til Kansallis-Osake-Pankki, Finnlandi, sem framseldi víxilinn til innheimtu í bankastofnun, og hafi víxillinn verið til innheimtu í Andresens Bank A/S, Osló, Noregi. Víxillinn hafi verið samþykktur til greiðslu á gjalddaga 8. október 1978 af Internesco Norge A/S, Gustav Vigelands vei 1, Oslo, Noregi. Stefndi hafi tekið ábyrgð á greiðslu víxilskuldarinnar með áritun á víxilinn, gerðri í Osló 7. apríl 1978 (avalábyrgð). Víxillinn hafi verið afsagður sökum greiðslufalls og hafi útgefandi þurft að leysa hann til sín, eins og handhöfn hans beri með sér. Samþykkjandi víxilsins, Internesco Noregi, sé nú ógjaldfær og því verði að krefja stefnda um víxilskuldina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingarinnar.

III.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933 skuli í víxilábyrgð greina, fyrir hvern hún sé tekin. Sé það ekki gert, teljist hún tekin fyrir útgefanda. Ákvæði norskra víxillaga séu sama efnis og íslensku víxillögin, hvað þetta atriði varði, sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 93/1933. Af ábyrgðaryfirlýsingu stefnda á dskj. nr. 2 verði ekki séð, fyrir hvern ábyrgðin sé tekin, og af því leiði með hliðsjón af framan rituðu, að stefnandi eigi ekki víxilrétt á hendur stefnda og því verði að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu. Nánari grein verður gerð fyrir lagarökum stefnda í IV hér á eftir.

IV.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að með árituninni: „Undertegnede gir herved alvalgaranti. Oslo 07.04.1978 Oli Anton Bieltvedt“. Á framhlið áðurnefnds víxils hafi stefndi, Óli Anton Bieltvedt, ábyrgst gagnvart útgefanda víxilsins greiðsluskuldbindingu samþykkjandans, Internesco Norge A/S.

Samþykkjandinn, Internesco Norge A/S, sé nú ógjaldfær og því beini útgefandi víxilsins kröfum sínum að stefnda á grundvelli 1. mgr. 32. gr. laga nr. 93/1933, þar sem stefndi hafi með framangreindri ábyrgðaryfirlýsingu tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu víxilskuldarinnar. Stefnandi kveður það engu máli skipta í þessu sambandi, þótt stefnda hafi láðst að geta þess í ábyrgðaryfirlýsingu sinni, fyrir hvern hún væri tekin. 4. mgr. 31. gr. laga

nr. 93/1933 segi að vísu berum orðum, að í ábyrgð skuli greina, fyrir hvern hún sé tekin, og sé það eigi gert, skuli líta svo á, að hún sé tekin fyrir útgefanda. Telur stefnandi, að lagaákvæði þetta beri ekki að túlka eftir orðanna hljóðan. Þannig skipti verulegu máli, hvar á víxli ábyrgðarlýsingu sé að finna, og nægi það með öðru til að ganga úr skugga um, fyrir hvern ábyrgð sé tekin. Ákvæði 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933 um, að ábyrgð skoðist tekin fyrir útgefanda, ef ekki sé í ábyrgðaryfirlýsingu greint, fyrir hvern hún sé tekin, eigi þá fyrst, þegar það verði ekki ráðið af staðsetningu hennar á víxli og atvikum öðrum, fyrir hvern ábyrgðin var tekin. Samþykkjandi áðurnefnds víxils hafi, eins og venja standi til, ritað samþykki sitt þvert yfir vinstri framhlið víxilsins og stefndi hafi ritað ábyrgðaryfirlýsingu sína fast við nafnritun samþykkjanda. Sé af þessu augljóst mál, hver hafi verið tilætlan stefnda með þessu, sem sé sú að gangast í ábyrgð fyrir samþykkjanda víxilsins. Telur stefnandi þessa skýringu sína á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933 eiga sér stoð í skýringum fræðimanna á sviði víxilréttar á lagagreininni, og vitnar hann í því sambandi til skýringa Ólafs Lárussonar í ritinu Víxlar og Tékkar, útg. í Reykjavík MCMLVII, bls. 58.

Þá telur stefnandi, að af öðrum gögnum máls þessa megi leiða það í ljós, að það hafi verið tilætlan stefnda að gangast í ábyrgð fyrir samþykkjandann. Nefnir hann eftirfarandi þessu til stuðnings: 1) Ekkert það samband sé á milli stefnanda málsins, Uusi Kivipaino, og stefnda, Óla Antons, sem rennt geti stoðum undir þá fullyrðingu, að ábyrgðin hafi verið tekin fyrir útgefanda víxilsins. 2) Milli stefnda, Óla Antons, og samþykkjanda víxilsins, Internesco Norge A/S, séu veruleg tengsl. Óli Anton sé forstjóri Nesco International á Íslandi, sem sé móðurfyrirtæki Internesco Norge A/S. 3) Óli Anton sé einn af aðaleigendum Internesco Norge A/S. 4) Víxill sá, sem skuldin sé byggð á, sé þannig til kominn, að samþykkjandi hafi keypt prentvinnu af Uusi Kivipaino. Til að greiða skuld sína vegna prentvinnu þessarar hafi Internesco Norge A/S samþykkt víxil, sem Uusi Kivipaino hafi verið útgefandi að. Með áritun sinni á víxilin hinn 7. apríl 1978 hafi stefndi, Óli Anton, tekið ábyrgðina fyrir samþykkjanda víxilsins í því markmiði að tryggja það, að útgefandi hlyti greiðslu, ef greiðslubrot yrði hjá samþykkjanda. 5) Loks hefur stefnandi bent á, að er lögmaður stefnanda hér á landi hafi hafið innheimtutilraunir gegn stefnda, hafi stefndi komið fram með ákveðið greiðslutilboð, sbr. dskj. nr. 7. Þar komi fram tilboð um, að Nesco International

á Íslandi taki að sér greiðslu skuldarinnar og Óli Anton Bieltvedt ábyrgist þær greiðslur persónulega.

Þegar allt það sé virt, er hér að framan greini, þ. e. tengsl stefnda og samþykkjanda víxilsins, atvik málsins að öðru leyti og svo staðsetning ábyrgðaryfirlýsingar stefnda á vóxlinum, sé engum vafa undirorpið, fyrir hvern ábyrgðin á vóxlinum hafi verið tekin.

Eins og fyrr greinir, reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að í ábyrgð skuli greina, fyrir hvern hún sé tekin, og sé það eigi gert, þá skuli hún teljast tekin fyrir útgefanda, sbr. 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 2. mgr. 81. gr. sömu laga. Af þessu leiði, að stefnandi sem útgefandi víxilsins eigi ekki víxilrétt á hendur þeim manni, sem telja verður ábyrgðarmann hans á vóxlinum. Sé því eigi önnur niðurstaða fyrir hendi en að sýkna stefnda. Stefndi mótmælir alfarið þeirri túlkun stefnanda á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 2. mgr. 81. gr. sömu laga, að það geti skipt einhverju máli í þessu sambandi, hvar á víxilplagginu ábyrgðaryfirlýsingu stefnda sé að finna. Það sé skýrt tekið fram í 4. mgr. 31. gr. fyrrnefndra laga, að nafngreining þess manns, sem ábyrgðin sé tekin fyrir, þurfi að koma fram í ábyrgðaryfirlýsingunni. Sé svo fyrir-mælt í niðurlagsákvæði greinarinnar, að vanti nafngreiningu, beri að telja ábyrgðina tekna fyrir útgefanda víxilsins. Orðalag ákvæðisins sé skýrt og alveg ótvírætt um þetta atriði og framan-greindur skilningur sinn eigi sér stoð í skoðunum fræðimanna, t. d. komi þessi skilningur skýrt fram í ritinu BANKJURA, København 1969, bls. 278. Við munnlegan flutning málsins var því eindregið mótmælt af hálfu stefnda, að hann hefði á nokkurn hátt viðurkennt að hafa tekið avalábyrgð fyrir samþykkjanda um-rædds víxils. Að því er varðaði greiðslutilboð stefnda, það sem fram kæmi á dskj. nr. 7, þá fæli það ekki í sér neins konar viður-kenningu stefnda á því, fyrir hvern ábyrgðin hefði verið tekin, heldur hefði það verið liður í tilraunum stefnda til þess að gera greiðsluprot Internesco sem áfallaminnst fyrir kröfuhafa þess, en stefndi væri stjórnarformaður Nesco International á Íslandi, sem væri móðurfyrirtæki Internesco í Noregi. Þá ítrekaði stefnandi það sjónarmið sitt, að mál þetta væri víxilmál og ætti því að hljóta víxilmálameðferð og því væru önnur gögn málsins en víx-illinn sjálfur málinu óviðkomandi. Mótmælti hann því þannig, að atriði eins og tengsl Internesco og Nesco International hefðu nokk-uð að segja varðandi ákvörðun um það, fyrir hvern ætla mætti, að ábyrgðin væri tekin. Einungis bæri að líta á ábyrgðaryfirlýs-

inguna sjálfa og formreglur 4. mgr. 31. gr. áðurnefndra laga, sem um ábyrgðarform þetta giltu.

V.

Niðurstaða.

Stefnandi höfðar mál þetta skv. vixli, sem hann hefur lagt fram í málinu á dskj. nr. 2, með formlega löglegri heimild sér til handa. Mál þetta er því víxilmál samkv. 17. kafla laga nr. 85/1936. Svarar víxill þessi hvívetna til málavaxtalýsingar stefnanda í stefnu.

Víxill þessi var út gefinn í Osló í Noregi 10. apríl 1978, og var greiðslustaður hans í Andresens Bank A/S, Osló, Noregi. Stefndi, Óli Anton Bieltvedt, reit ábyrgðaryfirlýsingu sína á víxilinn í Osló 7. apríl 1978, en á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingarinnar er hann sóttur til greiðslu víxilskuldarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 2. mgr. 81. gr. sömu laga, lítur úrlausn máls þessa ákvæðum norskra laga. Um víxla og víxilskuldbindingar gilda nú í Noregi lög nr. 2 frá 27. maí 1932. Tilvitnanir til lagaákvæða í þessum þætti málsins eiga því hér eftir við ákvæði norsku víxillaganna, nema annars sé sérstaklega getið.

Framlagður víxill, sá er stefnandi reisir dómkröfur sínar á, ber það með sér, að stefndi í máli þessu, Óli Anton Bieltvedt, reit á víxilinn svohljóðandi avalábyrgðaryfirlýsingu:

„Undertegnede gir herved avalgaranti.

Oslo, 07.04.1978. Óli Anton Bieltvedt“.

Eins og rakið er í II, III, og IV hér að framan, er ágreiningsefni máls þessa það, fyrir hvern stefndi, Óli Anton, gekk í ábyrgð, þá er hann reit framangreinda ábyrgðaryfirlýsingu á víxilinn. Ákvæði það, er í hinum norsku lögum gildir um tilvik þetta og er samhljóða 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1933, er svo hljóðandi:

„Aval skal angi for hvem den tegnes. I mangel av sådan angivelse anses den tegnet for trassanten.“

Úrlausn máls þessa veltur þar af leiðandi á því, hvernig túlka beri ákvæði þetta í hinum norsku lögum, en um það atriði er ágreiningur með málsaðiljum.

Lög þau, sem um víxilskuldbindingar giltu í Noregi fram til 1932, voru frá árinu 1880. Í þeim var ekki að finna samsvarandi ákvæði og 4. mgr. 31. gr. laga nr. 2/1932. Engu að síður gerðu þau lög ráð fyrir því, að til væri avalábyrgð, sbr. 2. mgr. 87. gr. þeirra laga, en eigi var í lögnum að finna fyrirmæli um það, með hvaða hætti ábyrgðaryfirlýsing þessi skyldi úr garði gerð. Hins

vegar mun það hafa verið viðurkennt bæði í fræðum og framkvæmd í skandinaviskum, þýskum og hollenskum rétti, að staðsetning ábyrgðaryfirlýsingar á víxileyðublaði væri nægjanlegt sönnunargagn um það, fyrir hvern ábyrgðin væri tekin. Tíðkaðist þannig, að ábyrgðarmaður ritaði nafn sitt undir nafn þess manns, er hann gekk í ábyrgð fyrir. Árið 1930 var að tilhlutan Þjóðabandalagsins haldinn alþjóðafundur í Genf, og sóttu hann fulltrúar 32 ríkja. Á fundi þessum voru gerðar þrjár alþjóðasamþykktir, og var hin fyrsta þess eðlis, að aðildarríki samningsins skuldbundu sig til þess að lögtaka hjá sér víxillög, er væru samhljóða texta þeirra víxillaga, sem tekin voru upp í samþykktina. Voru samþykktir þessar undirritaðar af fulltrúum 22 ríkja í fundarlok hinn 7. júní 1930. Er Noregur meðal ríkja þeirra, er staðfest hafa samning þennan og tekið á sig þær skyldur, er í honum greinir. 31. gr. núgildandi norskra víxillaga er í 1. þætti laganna, en 1. og 11. þáttur laganna er efnislega samhljóða lagatextanum, sem tekinn var upp í Genfarsamþykktina. Þegar rakin er framangreind forsaga og aðdragandi að setningu norsku víxillaganna frá 1932, má ljóst vera, að lagatextinn, sem tekinn var upp í Genfarsamþykktina, og umræðurnar, sem urðu um hann á Genfarráðstefnunni, geta verið til verulegrar leiðbeiningar og skilningsauka á því, hvernig skýra beri ákvæði hinna norsku víxillaga.

Allmiklar umræður urðu á Genfarráðstefnunni um avalábyrgð og form hennar. Af umræðum þeim, sem fram fóru á alþjóðaráðstefnunni og birtar eru í Do. Comptes Rendus de la Conférence, Genève 1930 (FFdoK. 360 M 151 — 1930 II), má ráða, að fram til þess, að ráðstefnan var haldin, mun hafa verið almennt viðurkennt, að staðsetning ábyrgðaryfirlýsingar avalábyrgðarmanns réði því, fyrir hvern telja bæri ábyrgðina tekna. Ástæða þess, að upp í lagatextann var tekið ákvæði um það, að í ábyrgðaryfirlýsingunni þyrfti að greina, fyrir hvern hún væri tekin, var sú, að með ótvíræðu orðalagi vildu ráðstefnumeðlimir taka af öll tvímæli um það, að hin eldri regla, þ. e. reglan um, að staðsetning ábyrgðaryfirlýsingar gæti skipt máli, gildi ekki lengur, enda var svo í lagatextann tekið upp ákvæði þess efnis, hvernig líta bæri á, þegar nafngreiningu skorti, þ. e. að ábyrgðina bæri að telja tekna fyrir útgefanda víxils.

Að þessu athuguðu má ljóst vera, að eðlilegasti skýringarkosturinn á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 2/1932, þegar vafi leikur á, fyrir hvern ábyrgð hefur verið tekin, eins og er í máli þessu, hlýtur tvímælalaust að vera sá að skoða avalábyrgð tekna fyrir útgef-

anda, þegar nafngreiningu skortir. Hins vegar er það álitamál, hvort það hafi verið tilætlan löggjafans, að greinin yrði skýrð eftir orðanna hljóðan, þegar telja má fram komna í máli sönnun um það, að ábyrgðin hafi í raun verið tekin fyrir annan aðilja en útgefanda. Dómurinn lítur svo á, að það sé andstætt eðli og grundvallarrökum víxillaganna að túlka ákvæði 4. mgr. 31. gr. bókstafstúlkun, þegar sönnun kemur fram um hið gagnstæða.

Liggur þá næst fyrir að meta, hvort stefnandi hafi sannað eða gert það sennilegt, að stefndi í máli þessu, Óli Anton Bieltvedt, hafi í raun gengið í ábyrgð fyrir samþykkjanda víxilsins, Inter-nesco Norge A/S, eins og stefnandi heldur fram, en þeirri staðhæfingu hefur verið mótmælt af hálfu stefnda við flutning máls þessa.

Er mál þetta var fyrst tekið fyrir 21. febrúar sl. beindi dómari málsins þeim tilmælum til lögmanns stefnda, að stefndi kæmi fyrir dóm og upplýsti, fyrir hvern hann hefði tekið ábyrgð með áritun sinni á víxilinn. Samþykkti lögmaður hans það. Er málið skyldi tekið fyrir til aðiljayfirheyrslu 26. febrúar sl., mætti stefndi ekki, og lögmaður hans upplýsti, að stefndi hygðist ekki koma fyrir dóm. Þó svo að ekki liggi fyrir í máli þessu skýrsla stefnda um það, fyrir hvern hann gekk í ábyrgð með áritun sinni á víxilinn, þykja engu að síður gögn máls þessa benda sterklega til þess, að stefndi, Óli Anton, hafi með áritun sinni á víxilinn gengist í ábyrgð fyrir samþykkjanda hans. Fyrst er þess að geta, sem lögmaður stefnda upplýsti við munnlegan flutning málsins, að Nesco International h/f á Íslandi er móðurfyrirtæki Internesco Norge A/S, en stefndi, Óli Anton, mun vera stjórnarformaður Nesco International á Íslandi. Í bréfi, dags. 15. nóvember 1978, sem stefndi reit Ólafi B. Thors, framkvæmdastjóra Almennra trygginga h/f, og ekki er ritað í tilefni málshöfðunar þessarar, en bréf þetta hefur stefnandi lagt fram á dskj. nr. 8, kemur fram, að stefndi, Óli Anton, er annar af aðaleigendum Internesco Norge A/S. Í þessu sama bréfi kemur einnig fram, að stefndi, Óli Anton, hefur haft veruleg afskipti af fjármálastjórn Internesco Norge A/S. Þá kemur einnig fram í bréfi þessu, að eigendur Internesco Norge A/S urðu að ábyrgjast persónulega allar fjárskuldbindingar fyrirtækisins gagnvart Andresens Bank. Loks er þess að geta, að þegar lögmaður stefnanda hóf innheimtutilraunir hér á landi gegn stefnda, ritaði stefndi honum bréf, sem stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 7. Í bréfi þessu kemur fram ákveðið greiðslutilboð af hálfu stefnda, og er það svohljóðandi:

„... Tilboð mitt er þetta:

- 1) NESCO INTERNATIONAL H/F tekur að sér greiðslu umræddrar skuldar Internesco Norge A/S. Skuldarstofn verði N.kr. 202.572.00. Skuldin verði greidd með 10 ára skulda-bréfi talið frá 8. okt. s.l. Bréf þetta verði afborgunarlaust 3 fyrstu árin. Vextir verði sjö af hundraði á ári og greiðist þeir árlega eftir á, í fyrsta sinn 8. október 1979. Fyrsta afborgun, N.kr. 28.938.00 fari fram 8. okt. 1981.
- 2) Ég ábyrgist greiðslu skuldarinnar persónulega.
- 3) Við frágang þessa máls fari fram uppgjör á innheimtubókun yðar, kr. 550.646,00. “

Þegar höfð er í huga vanræksla stefnda á að koma fyrir dóm í máli þessu og þau atvik, sem hér eru að framan rakin um tengsl stefnda við Internesco Norge A/S, þykir samkvæmt undirstöðurökum 116. gr. laga nr. 85/1936 nægilega í ljós leitt, að stefndi hafi með framangreindri ábyrgðaryfirlýsingu sinni á víxilinn gengið í ábyrgð fyrir Internesco Norge A/S, enda þykir 4. mgr. 31. gr. laga nr. 2/1932 frá 27. maí eigi standa því í vegi, að svo verði litið á.

Að þessu athuguðu þykir stefnandi eiga víxilrétt á hendur stefnda, og verða kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að rétt þykir, að skuld þessi beri 15% ársvexti frá 8. október 1978 til greiðsludags, en samkvæmt upplýsingum norska Seðlabankans bera víxilskuldir þar í landi 15% vanskilavexti á ári.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.000, og er þá tekið mið af eðli og umfangi máls þessa.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Stefndi, Óli Anton Bieltvedt, greiði stefnanda, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Uusi Kivipaino Oy, Tampere, Finnlandi, norskar kr. 202.572.00 með 15% ársvöxtum frá 8. október 1978 til greiðsludags, norskar kr. 40.00 í afsagnarkostnað og kr. 600.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.